

Bætt menntun

BETRI VIÐBRÖGÐ

MENNTUN FAGFÓLKS OG MEÐFERÐ KYNFERÐISBROTAMÁLA



Stígarnét
Ársskýrsla 2004

Stígamót

Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík

Símar: 562 6868 og 800 6868

Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353

Bréfsími: 562 6857

Netfang: stigamot@stigamot.is

Vefsíða: www.stigamot.is

Ritstjórn:

Texti: Guðrún Jónsdóttir (Rúna)

Tölfræðileg úrvinnsla: Dána Sigurðardóttir

Forsíða: Auglýsing um námstefnu Stígamóta

og fl. kvennasamtaka eftir Sóleyju Stefánsdóttur

Um ársskýrslur Stígamóta

Í ársskýrslu þessari segir frá 15. starfsári Stígamóta. Bæði er sagt frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfi og hugmyndafræðinni að baki starfinu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta og alnafna núverandi ritstýru. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst ómetanleg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um tölulega samantekt sá Dána Sigurðardóttir. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun, auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsroðun pólitískra verkefna.

Efnisyfirlit

bls.

Stofnun og hugmyndafræði

3

Innra starfið

3

Ríkjandi gildi í starfsháttum

3

Skipulag og starfshópur

4

Framkvæmdahópur

4

Fjárhagslegur grundvöllur starfsins

4

Gjafir til Stígamóta

5

Kristínarsjóður

5

Sjálfshjálparstarfið

5

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

5

Um sjálfshjálparhópana

6

Opnir 12 spora fundir

6

Símaþjónusta

6

Þjónusta við konur í vændi

6

Samstarf við Krýsuvíkursamtökin

6

Börn og unglingar

7

Flutningar á Hverfisgötu 115

7

Fræðsla og kynning

7

Eftirmiðdagskaffi fyrir lykilpersónur

7

Formleg opnun hússins og opnun myndlistarsýningar

8

Bætt menntun – betri viðbrögð

8

Fyrirlestrar, fræðsla og heimsóknir

9

Um klám og vændi

10

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi og opið hús hjá Stígamótum

10

Baráttan fyrir Neyðarmóttöku vegna nauðgana

10

Fjölmiðlar

11

Samskipti við stjórnáamenn

11

Bleikur bær þann 19. júní

11

Ýmsir fundir

11

dr. Kathleen Brooks hélt fyrirlestra og námskeið

12

Árlegur upplestur úr jólabókunum

12

Alþjóðastarf

12

Námsferð starfshópsins til Danmerkur

12

ENATW

12

Erlendar heimsóknir

13

Daphneverkefnið um erlendar konur í ofbeldissamböndum

13

Norrænar konur gegn ofbeldi

13

Nordisk forum í Finnlandi

14

WAVE

14

Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum

15

Fyrirlestrabanki um kynbundið ofbeldi

15

Tölur

Tölulegar upplýsingar

19

Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður

24

Um ofbeldisverkin

28

Kærð mál

35

Um ofbeldismenn

37

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna.

Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfbóðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvinnaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmennum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfbóðaliðahópanna sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfbóðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfssemi sína 8. mars 1990.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hinsvegar.



Stígamót fluttu í janúar 2004 að Hverfisgötu 115

fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem fyrir því verða. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru samkvæmt okkar tölum fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórntæki til þess að ná valdi yfir

Innra starfið

Ríkjandi gildi í starfsháttum

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þeim sem orðið hafa fyrir því, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða í hópum. Feministísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra, séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.

Vinnan á Stígamótum felst því í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi, en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt litum við svo á að það fólk sem hingað leitar séu “sérfræðingarnir” það er að segja enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem aðstoðar leita. Þessar hugmyndir leitumst við við að endurspeгла í öllu starfi hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Skipulag og starfshópur



Aftari röð: Díana, Sæunn handleiðari, Dóra, Björg, Þórunn, fremri röð: Bergún og Guðrún (Rúna)

Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu úti í bæ. Starfshópurinn fór í haust í námsferð til Danmerkur, en Iceland Express sýndi þann rausnarskap að gefa Stígamótum 6 flugmiða til Kaupmannahafnar. Dorte Secher sem er heymalaus félagsráðgjafi og hefur unnið mikið með kynferðisofbeldi bauð hópnum heim til sín og ræddi um störf sín með heyrnaskertu fólki sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi. Hópurinn heimsótti líka “Stop kvindehandel” sem er þjónusta Dana við þær konur sem seldar hafa verið mansali og eru á heimleið. Hreiðrið sem er athvarf fyrir vændiskonur á götunni, tók að venju vel á móti fulltrúum Stígamóta og kynnti starfið. Síðast en ekki síst bera að nefna heimsókn í meðferðarstöð þeirra Jette Lyager og Lone Lyager fyrir fólk sem beitt hefur verið sífjaspellum.

Margrét Ákadóttir hélt stutt námskeið fyrir starfskonur um takt og úrvinnslu á kreppu og einn starfsdag gerðu starfskonur að dekurdegi til þess að safna orku og hlúa að hópnum.

En fleiri konur komu að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur. Nokkur hópur leiðbeinenda starfrækti sjálfshjálparhópana og ýmsir aðrir velunnarar lögðu hönd á plóginn. Þannig veitti Brynhildur Flóvenz lögfræðingur margsinnis mikilvæga ráðgjöf um lögfræðileg efni. Kristín Blöndal og Karla Dögg Karlsdóttir settu upp listasýningu og um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir.

Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúum starfskvenna og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Díana Sigurðardóttir, Guðrún Jónsdóttir (Rúna), Margrét Steinarsdóttir, Thelma Ásdísardóttir og Theodóra Þórarinsdóttir. Varakona í framkvæmdahópi er Egló Sigmundsdóttir.

Fjárhagslegur grundvöllur starfsins

Tekjur Stígamóta koma frá Félagsmálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Stígamót hafa gert þjónustusamning við Reykjavíkurborg, þar sem skilgreind er sú

þjónusta sem borgin kaupir af Stígamótum. Í samningnum felst m.a. fræðsla frá Stígamótum fyrir starfsfólk félagsþjónustunnar. Að auki hafa Stígamótum borist veglegir styrkir og framlög. Heildartekjur Stígamóta námu um 28.7 milljónum og útgjöld námu 32.2 milljónum. Í fyrsta skipti í sögu Stígamóta var því um hallarekstur að ræða upp á tæpar 3.5 milljónir króna. Ástæður hallans eru margþættar, fyrst og fremst aukin útgjöld án þess að tekjur kæmu á móti. Á árinu þurfti að endurnýja tölvubúnað og símabúnað og húsgögn voru endurnýjuð að hluta. Bókari var ráðin til starfa og starfsemin jókst á ýmsa vegu. Allar nánari upplýsingar um fjárhag Stígamóta má fá í ársreikningi.

Gjafir til Stígamóta

Stígamót njóta velvildar og ýmis konar stuðnings frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum og stjórnvöldum. Árið 2004 bárust Stígamótum ýmsar góðar sendingar.



Réttarholtsskóli (birt með leyfi skólans)

Sérstaklega ber að þakka nemendum í 10. bekk Réttarholtsskóla sem tóku þátt í verkefninu "Dagsverk" sl. vetur. Allir krakkarnir fóru út á vinnumarkaðinn og unnu í tvo daga og launin sín ákváðu þau upp á sitt eindæmi að gefa til starfsemi Stígamóta. Við skólaslitin í júní afhentu þau svo Stígamótakönum kr. 506.012 sem munu koma að góðum notum þar sem aðsókn heldur áfram að aukast og verkefnum að fjölga.

Salmanía færði Stígamótum rausnarlega gjöf fyrir jól upp á kr. 600.000, þar af voru 100.000 krónur eyrnamerkar Kristínarsjóði. Fyrirtækið Pfeiser afhenti kr. 20.000 fyrir jól. Fyrirtækið Penninn gaf Stígamótum ljósritunarevél og Árni Tryggvason hannaði glerið í útidyráhurðina á nýju Stígamótum. Iceland Express gaf 6 flugmiða sem nýttir voru til námsferðar starfskvenna til Kaupmannahafnar.

Ennfremur eiga Stígamót ómetanlega vildarvini sem styrkja okkur nafnlaust í hverjum mánuði um minni upphæðir. Þrír einstaklingar hafa um árabil greitt eitt þúsund krónur í hverjum mánuði inn á reikning Stígamóta og ber að þakka það.

Kristínarsjóður

Stígamót stofnuðu Kristínarsjóð árið 2001 til minningar um látna Stígamótakönu. Sjóðurinn skyldi fjármagna baráttu Stígamóta gegn vændi. Kristínarsjóður hefur gert kleift að sinna verkefnum sem ella hefðu verið óhugsandi. Margar góðar gjafir hafa borist í sjóðinn og rausnarlegust var gjöf Zontakvanna sem árið 2003 seldu 8000 rósarnætur og gáfu andvirðið kr. 3 milljónir í Kristínarsjóð. Á árinu gaf Salmanía 100.000 kr. í sjóðinn, en auk þess bárust smærri gjafir.

Sjóðurinn hefur gert okkur kleift að styðja og styrkja sérstaklega konur í vændi, jafnframt því að standa undir fræðslustarfi tengdu þessari birtingarmynd ofbeldis og kvenfyrirlitningar.

Sjálfs hjálparstarfið

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð, eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk sem til Stígamóta leitar ræður sjálfst ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfs hjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf.

Stuðningur og ráðgjöf starfsskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldinu. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma og í gegnum tölvupóst.

Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfsemi. Boðið er upp á hópá fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum, einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Reynslan af hópstarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma konur saman til þess að sækja sér styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Í gegnum árin hafa ýmsar konur leitt sjálfshjálparhópana, en á hverju ári eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur. Í ár var leiðbeinendanámskeiðið haldið dagana 9.-10. október og þátttakendur voru 23. Árið 2004 voru sjálfshjálparhóparnir 7, þar af einn í samstarfi við Krýsuvíkursamtökin og haldinn í Krýsuvík.

Opnir 12 spora fundir

Bergún Sigurðardóttir lyfti grettistaki á árinu og kom aftur af stað 12-spora fundum hjá Stígamótum. Var fyrsti fundurinn haldinn þann 4. febrúar. Í september fóru 8 galvaskar konur í sumarbústaðarferð til að vinna undirvinnu fyrir 12 spora kerfið og laga það að afleiðingum kynferðislegs ofbeldis. ennþá er sú þróunarvinna í gangi og koma margar góðar hendur þar að. Á 12 spora fundina hafa mætt 371 kona eða að meðaltali 9 á hvern fund. Þessir fundir eru haldnir á miðvikudagskvöldum kl. 20-21 og eru sérstaklega ætlaðir fólki sem búið er að nýta sér aðra þjónustu Stígamóta.

Símaþjónusta

Því miður er ekki til tölfraðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símaþjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Símtölin sl. ár námu þúsundum. Það má þó fullyrða að í símaviðtölum berast upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi sem hvergi kemur fram annars staðar. Þeirri vitneskju fylgir mikil ábyrgð. Þess má geta að sérstaklega er starfræktur sími ætlaður konum sem starfa í kynlífsiðnaðinum. Sumar þeirra treysta sér ekki til þess að koma í viðtöl. Að jafnaði eru mörg stuðningsviðtöl á dag alla virka daga ársins. Fólk á landsbyggðinni notfærir sér eðlilega mikið þessa leið.

Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði er ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Nokkuð var gert á síðasta ári til þess að komast í samband við þær konur sem kynnu að þurfa að aðstoð að halda. Um er að ræða þróunarvinnu sem tekur langan tíma. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar.

Samstarf við Krýsvíkursamtökin

Á árinu gerðu Stígamót og Krýsvíkursamtökin með sér samkomulag um að tvær konur kæmu vikulega til Krýsuvíkur og byðu uppá viðtalsþjónustu og starfræktu sjálfshjálparhópa. Þar á bæ hafði komið í ljós að þjónustan var nokkuð karlmiðuð og vildu aðstandendur bæta þar um. Af hálfu Stígamóta var kveikjan að samstarfinu m.a. sú að greiða aðgengi að Stígamótum fyrir það fólk sem stundað hefur vændi í einhverri mynd. Reynslan hefur sýnt að vímuefnaneysla og vændi eiga nokkra samleið og því þótti tilraunarinna virði að gera þetta átak.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum, nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við, hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf, en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd; Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber, eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta. Díana Sigurðardóttir hefur staðið fyrir árangursríku hópastarfi með unglingsstúlkum og hefur starf hennar verið metið af Barnaverndarstofu og hlotið lofsverða umsögn.

Flutningar á Hverfisgötu 115

Þann 22. janúar fluttu Stígamót starfsemi sína af Vesturgötu 3 í gamla gasstöðvarstjórastjórahúsið við Hlemmtorg. Húsið er frá árinu 1910 og því tæplega 100 ára gamalt. Á þeirri öld sem liðin er frá byggingu hússins hefur það hýst margs konar starfsemi. Heyrst hafa dramatískar frásagnir af íbúum hússins og strætókarlar drukku í því kaffi í áraraðir. Gaman væri að heyra meira um sögu hússins.

Samhliða flutningunum var ráðist í að endurnýja tölvukerfi, síma og húsgögn að hluta til og er aðstaðan ósambærileg við það sem áður var. Húsið er á þremur hæðum og iðar af lífi alla daga og öll kvöld. Má nefna að aðstaða fyrir fatlaða hefur batnað til muna.



Frá flutningunum, starfskonur og velunnarar að koma stofunni í lag.

Fræðsla og kynning

Það er grundvallaratriði í hugmyndafræði Stígamóta að þekkingu fylgi ábyrgð. Samkvæmt því væri það óverjandi að safna einstæðum upplýsingum um kynbundið ofbeldi án þess að nýta þær til þess að reyna að hafa áhrif á samfélagið. Fræðsla og kynning er því jafnmikilvægur liður í starfinu og sjálfshjálparstarfið sem boðið er uppá.

Verkefni ársins voru mörg og oftast var fleiri aðilum boðið til samstarfs. Mikilvægast var verkefnið "Bætt menntun - betri viðbrögð" sem miðaði að því að bæta menntun allra þeirra fagstétta sem koma að kynferðisofbeldi. Mörgum hópum var boðið til skrafs og ráðagerða. Ráðist var í ferðalög innanlands og utan og alþjóðastarf var einnig fyrirferðamikilið.

Eftirmiðdagskaffi fyrir lykilpersónur

Sú hefð hefur skapast undanfarin ár að bjóða til skrafs og ráðagerða þeim lykilpersónum sem á ólíka vegu hafa komið að kynferðisofbeldi. Á árinu 2004 bárust óvenju mikið af upplýsingum um kynferðisofbeldi á meðal heilbrigðisstarfsmanna. Brugðið var á það ráð að bjóða heim þeim Sigurði Guðmundssyni landlækni og Matthíasi Halldórssyni aðstoðarlandlækni til þess að ræða almennt hvað gera mætti til þess að auka öryggi innan heilbrigðisþjónustunnar og jafnframt að bæta hlustunarskilyrði á meðal heilbrigðisstarfsfólks um kynferðisofbeldi.

Annað álitamál sem ræða þurfti við fagaðila var tilkynningarskylda og þagnarskylda gagnvart unglingum yngri en 18 ára sem leita sér hjálpar vegna ofbeldis. Þeim Þórhildi Lindal þáverandi umboðsmanni barna og Ástu Sólveigu Andrésdóttur lögfræðingi var boðið í eftirmiðdagskaffi sem var gagnlegt fyrir alla aðila.

Á haustdögum var mikið rætt um framkvæmdaáætlanir og viðbúnað gegn ofbeldi í sófanum á Stígamótum. Umræðan snérist ekki bara um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, sem ekki tekur á kynferðisofbeldi, heldur einnig ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga. Jafnframt var rætt um tryggja afkomu Stígamóta og gerð þjónustusamninga.

Félagsmálastjórar og formenn félagsmálanefnda á höfuðborgarsvæðinu voru boðin í eftirmiðdagskaffi vonandi öllum til gagns og fróðleiks.

Í tengslum við alþjóðlega 16 daga átakið gegn kynferðisofbeldi í nóvember og desember, var ákveðið á Stígamótum að bjóða almenningi í eftirmiðdagskaffi. Sérstaklega buðum við velkomna nágranna okkar í næsta húsi, en þar býr Lögreglan í Reykjavík. Boðið var uppá stutt fræðsluerindi, ljóðalestur og kaffiveitingar. Frá lögreglunni mættu fjöldi lögregluþjóna og yfirmanna og almenningur lét sig ekki vanta heldur. Húsið var fullt frá morgni til kvölds.



Aðalsteinn Sigfússon í Kópavogi, Björk Vilhelms í Reykjavík og og fl. góðir gestir

Formleg opnun hússins og opnun myndlistarsýningar þann 8. mars



Lára Björnsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir og Þórólfur Árnason hlýða á samantekt úr ársskýrslu.

Á 14 ára afmæli Stígamóta þann 8. mars sýndi Þórólfur Árnason þáverandi borgarstjóri starfseminni þann heiður að opna húsið formlega að viðstöddu fjölmenni. Það varð metnaðarmál að gera húsnæðið eins fallett og tók voru á. Listakonurnar Kristín Blöndal og Karla Dögg Karlsdóttir tóku að sér að setja upp myndlistarsýningu og fá með sér fleiri listakonur sem fóstura myndu herbergi hússins. Við formlega opnun hússins var því opnuð myndlistarsýning þeirra Freyju Önuardóttur, Hildar Margrétardóttur, Huldu Vilhjálmsdóttur, Ingibjargar Hauksdóttur, Kórlu Daggar Karlsdóttur og Kristínar Blöndal.

Bætt menntun – betri viðbrögð

Eitt mikilvægasta verkefni Stígamóta árið 2004 var verkefnið ”Bætt menntun – betri viðbrögð”.

Markmiðið var að bregðast við þeim miklu upplýsingum sem fyrir liggja um kynbundið ofbeldi með



Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

bættari menntun fagfólks og viðbúnaði í stofnunum samfélagsins. Námstefnan var haldin á vegum Stígamóta, Kvennaathvarfsins, Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Kvenfélagasambands Íslands, Kvennaráðgjafarinnar, Kvenréttindafélagsins, Öryggisráðs Feministafélags Íslands og Íslandsdeildar Amnesty International. Námstefnustjóri var Guðrún Agnarsdóttir og menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir setti námstefnuna. Framsöguerindi fluttu fulltrúar flestra deilda Háskóla Íslands, Lögregluskóla ríkissins og Kennaraháskólans, auk fulltrúa Stígamóta og Kvennaathvarfs. Í framsöguerindum kom fram að enn er námsefni um kynbundið ofbeldi af mjög skornum skammti og námskeið um efnið oftast valbundin, en fulltrúar menntastofnananna lýstu eindregnum vilja til bóta. Í tengslum við námstefnuna var kynntur fyrirlestrabanki með yfirsýn yfir fyrirlesara og efni sem nýta mætti í fræðslu um efnið. Fyrirlestrabankinn er m.a. hýstur á heimasíðum Stígamóta og Kvennaathvarfsins og birtur í ársskýrslunni.

Fyrirlestrar, fræðsla og heimsóknir

Ólíkustu aðilar óskuðu eftir fræðslu og fyrirlestrum á árinu. Erindi voru flutt innanlands og utan, en þegar við átti var fólki boðið í heimsókn til Stígamóta. Það hefur sýnt sig að slík fræðsla er eftirminnilegri og færir fólk nær Stígamótum.

Guðrún Jónsdóttir sér um fræðslumálin. Flutt voru erindi í Verslunarskóla Íslands í forvarnavíkunni og á V- daginn í Menntaskólanum í Reykjavík. Nemendur 10. bekkjar í Réttarholtsskóla fengu fræðslu í tengslum við fjáröflunina ”Dagsverk” sem þau tileinkuðu Stígamótum. Erindi var haldið fyrir háskólanema frá Eyrstrasaltsríkjunum og á Norðurlöndunum fyrir rannsóknarstofu í kynjafræðum. Fyrirlestur um klám og vændi var haldinn í kynjafræði HÍ og Álftanesskóli óskaði eftir fræðslu fyrir allt starfslið sitt. Tíu starfsmenn úr einum grunnskólanum í Reykjavík óskuðu eftir fræðslu. Barna- og unglingsgeðdeild landspítalans fékk fræðslu og Jafnréttisráð óskaði eftir kynningu á samtökunum. Framtíðarhópur Samfylkingarinnar óskaði eftir fræðslu um klám og vændi.

Fræðslan tók á sig ýmsar myndir. Var kynningarfulltrúinn meðal annars fengin til þess að afhenda verðlaun á hinna árlegu Ímarkhátíð íslenskra auglýsingastofa. Bandaríski sendiherrann á Íslandi James F. Gadsden óskaði eftir upplýsingum um mansal á Íslandi og bauð til hádegisverðar í sendiráðinu. Á skólaslitum Réttarholtsskóla var styrkur tíundubekkinga uppá 506.000 afhendur kynningarfulltrúa.

Samband íslenskra auglýsingastofa hélt ráðstefnu um jákvæð áhrif opinna samskipta og óskaði eftir fyrirlestri frá Stígamótum. Á 40 ára afmælisráðstefnu félagsráðgjafa hélt kynningarfulltrúinn klukkutíma erindi undir fyrirsögninni “Að næra glóðina í sér”. Á námsstefnunni “Bætt menntun – betri viðbrögð” sem Stígamót stóðu fyrir ásamt fleirum, fjallaði innlegg kynningarfulltrúans um að bæta hlustunarskilyrðin.



Frá norrænu ráðstefnunni um kvennahreyfingar í vinnustofu þar sem Stígamót ræddu bætt hlustunarskilyrði.

gegnum nauðgunum um verslunarmannahelgina. Þangað komu líka 19 félagsráðgjafarnemar úr HÍ og 30 manna bekkur úr Fjölbraut á Akranesi. Jafningjafræðslan sendir sitt fólk til Stígamóta á hverju ári og að þessu sinni komu 11 manns til þess að undirbúa sig fyrir jafningjafræðslu sumarsins.

Af einstökum heimsóknum má nefna komu Margrétar Maríu Sigurðardóttir framkvæmdastýru Jafnréttisstofu. Toshiki Toma prestur innflytjenda og talsmaður mannréttinda kom og kynnti sér starfseminna. Það sama gerði Anh Dao frá Samtökum kvenna af erl. uppruna, Amal Tamimi vegna Daphne verkefnis, Sólveig Karvelsdóttir lektor í Kennaraháskólanum og Hildur ný starfskona V- dagsamtakanna. Lisa Kierans og Erlingur Erlingsson frá Bandaríska sendiráðinu heimsækja Stígamót á hverju ári.

Ekki má gleyma öllu fræðifólkinu og þeim fjölda nema á efri skólastigum sem ráðast í verkefnagerð og smærri rannsóknarverkefni um kynferðisofbeldi og leita eftir fræðslu og stuðningi á Stígamótum. Fyrir alla þessa hópa er ársskýrslan með tölfræðilegu samantektinni undirstöðuplagg.

Erindi voru einnig flutt í alþjóðlegum umhverfi en á Íslandi. Þannig hélt kynningarfulltrúinn opunarerindið á ráðstefnu Nordiske kvinner mot vold í Kristiansand í Noregi. Á sömu ráðstefnu stýrði sami kynningarfulltrúi vinnustofu um sjálfshjálparhópa. Á norrænu ráðstefnunni um “Kvinnorörelser – inspiration, intervention, irritation” var flutt erindi um “Forbedring av lytteforholdene” og á ráðstefnu WAVE í Vínarborg í Austurríki stýrði kynningarfulltrúinn vinnustofu um “Nýjar lagasetningar á sviði kynferðisofbeldis í Evrópu”

Eftir föngum var reynt að hafa fræðsluna á Stígamótum. Þangað komu til spjalls og ráðagerða ungir menn úr karlahópi Feministafélagsins sem réðust í áróðursvinnu

Um klám og vændi

Vinnan á Stígamótum varðandi klám og vændi einskorðaðist ekki við beinan stuðning við konur í vændi. Á árinu minnkaði þjóðfélagsmæðsla um klámiðnaðinn og aðsókn fólks í vændi minnkaði hjá Stígamótum. Starfskonur gerðu átak til þess að tryggja að þær konur sem á þyrftu að halda, vissu af þjónustu Stígamóta.

Haft var samband við alla þá aðila sem sinna alkóhól- og vímuefnameðferð, farið var í heimsóknir og starfsemi Stígamóta kynnt. Eftir heimsókn starfskvenna í Krýsuvík var komið á formlegu samstarfi við Krýsuvíkursamtökin. Tvær starfskonur þær Þórunn Þórarinsdóttir og Thelma Ásdísardóttir fara vikulega í hálf dagsferð til Krýsuvíkur þar sem þær bjóða uppá viðtöl og starfrækja sjálfshjálparhóp.

Á árinu lögðu Stígamót mikla áherslu á að ná samstöðu með öllum þeim aðilum sem lagt gætu lið í baráttunni fyrir að banna kaup á vændi. Samstaða náðist á milli 13 kvennasamtaka um að beita sér fyrir samþykkt vændisfrumvarpsins, sem lagt var fram af Kolbrúnu Halldórsdóttur og fl. Einstök kvennasamtaka náðist líka á alþingi þegar allar þingkonur nema þingkonur Sjálfstæðisflokksins lögðust á eitt um að ná frumvarpinu í gegnum þingið. Umsögn um frumvarpið var að sjálfsögðu skrifuð og var kynningarfulltrúi kölluð fyrir allsherjarnefnd til frekari umfjöllunar. Málið fékk síðan þá meðferð að þingmannanefnd var skipuð um málið.

Alþjóðastarf innan málaflokksins hélt áfram og má nefna að Samtök gegn vændi í Noregi sem Stígamót eiga aðild að tóku saman í lítið hefti rök gegn lögleiðingu á vændi. Heftið er m.a. hýst á heimasíðu Stígamóta.

16 daga átak gegn kynferðisofbeldi og opinn dagur hjá Stígamótum

Stígamót tóku þátt í alþjóðlegu 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi ásamt fjölda annarra félagsamtaka á Íslandi og í öllum heiminum dagana 25. nóv. – 10. des. nk. Á Íslandi hafði Unifem forystu um samstarfið. Greinarskrif voru skipulögð og ráðist var í ýmsar upptökur. Birt var áskorun til stjórnvalda um framkvæmdaáætlun í málaflokknum.

Hjá Stígamótum var opið hús fimmtudaginn 2. des. frá kl. 12-19 og grein var skrifuð í Morgunblaðið. Við vildum minna á að Stígamót eru bæði ráðgjafar- og fræðslumiðstöð um kynferðisofbeldi og húsið er opið fyrir allt það fólk sem eitthvert erindi vill eiga við okkur. Boðið var uppá kaffi og með því og fræðsluerindi voru í gangi allan daginn. Næstu nágrannar voru boðnir velkomnir og sérstakt boð var sent til Lögreglunnar í Reykjavík. Um 30-40 lögreglumenn þáðu kaffi og fræðslu og húsið var fullt af gestum allan daginn.

Gerð voru drög að aðgerðaráætlun sem áætlað er að fylgja eftir með málþingi o.fl.



Lögreglumenn þiggja andlega og líkamlega næringu.

Baráttan fyrir Neyðarmóttöku vegna nauðgana

Í upphafi ársins kynntu stjórnvöld hugmyndir sínar um nauðsynlegan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Eitt af því fyrsta sem virtist mega skerða var þjónusta Neyðarmóttöku vegna nauðgana. Hugmyndir voru kynntar um að segja upp yfirlækninum Guðrúnu Agnarsdóttur og skerða þjónustuna. Þessar hugmyndir voru stórt skref afturábak í málefnum kynjanna. Konur höfðu barist fyrir stofnun Móttökunnar árum saman og hún var rekin á skjön við hefðbundna heilbrigðisþjónustu og byggð á þekkingu á eðli og afleiðingum nauðgana. Þess vegna var andleg áfallahjálp ekki síður talin mikilvæg en læknisfræðileg meðferð. Niðurskurðurinn fólst að lokum í því að félagsráðgjöfum sem verið höfðu í því teymi sem mættu fórnarlömbum nauðgana var kippt út og yfirlæknisembættið var fellt niður. Stígamót mótmæltu

Þessum niðurskurði harðlega og 13 kvennasamtök sendu frá sér ályktanir og mótmæli. Það er óviðunandi forgangsroðun heilbrigðisyfirvalda og sýnir skort á skilningi, að þjónusta við fórnarlömb einhverra grófustu glæpa sem framdir eru í landinu skuli skert en ekki aukin.

Fjölmiðlar

Þar sem fræðsla og vitundarvakning er mikilvægur liður í starfi Stígamóta er samstarf við fjölmiðla lykilatriði. Samstarfið hefur gengið vel og velvilji til Stígamóta er augljós hjá flestum eða öllum fjölmiðlum. Öll dagblöð, sjónvarps- og útvarpsstöðvar leituðu til Stígamóta á árinu og flestir fréttaskýringarþættir kölluðu kynningarfulltrúann í viðtöl til nánari fréttaskýringa. Að auki má nefna aðra fjölmiðla eins og svæðisfjölmiðla, Veru, Mannlíf, Húsfreyjuna og Smell.

Samskipti við stjórnmalamenn

Ekki þarf að tíunda þörfina fyrir samstarf við stjórnmalamenn sem bæði setja lög, deila út fjármagni og hafa í hendi sér ýmis konar úrræði önnur sem nýtast mættu í baráttunni gegn kynferðisofbeldi.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra var heimsóttur nokkrum sinnum á árinu. Hann var eindregið hvattur til þess að ráðast í framkvæmdaáætlun gegn kynferðisofbeldi og að beita sér fyrir endurskoðun kynferðisbrotakafla hegningarlagna. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra var sóttur heim til þess að kynna honum niðurstöður og tillögur úr íslenska Daphneverkefninu um erlendar konur í ofbeldissamböndum með íslenskum mönnum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnaði námsstefnuna sem Stígamót stóðu að ásamt fleirum og þáverandi borgarstjóri Þóroldur Árnason opnaði nýju heimkynnin formlaga. Þingmenn allra flokka heimsóttu Stígamót við opnun nýja húsnæðisins og höfðu samband vegna ýmissa þingmála. Umsagnir voru skrifaðar um þau þingmál sem snertu starfseminu og kynningarfulltrúi var kallaður fyrir allsherjarnefnd vegna vændismálsins. Farið var í árlega heimsókn til fjárveitingarnefndar til þess að tryggja rekstursfé fyrir næsta ár. Einnig voru fulltrúar bæjar og sveitarstjórna í sambandi við Stígamót vegna ýmissa mála.

Bleikur bær þann 19.júní á 89 ára afmæli kosningaréttar kvenna



Feministafélag Íslands stóð fyrir því að bærinn yrði málaður bleikur þann 19. júní, en þann dag fengu íslenskar konur kosningarétt árið 1915.

Femínistafélagið, Kvenréttindafélagið, Kvennakirkjan, Briet, Vera, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, Kvennasögusafnið, Félag kvenna af erlendum uppruna, Kvennaathvarfið og Stígamót tóku þátt í aðgerðunum. Bleiki liturinn er opinber litur íslenskra feminista og það var gert sýnilegt á ýmsan hátt. Stígamót voru punktuð með risastórum bleikum slaufum í öllum gluggum hússins.

Ýmsir fundir

Ýmis konar samráðsfundir með samstarfsaðilum og samfélagsstofnunum voru fyrirferðarmiklir í fræðslustarfinu. Má nefna fundi með aðstoðarlandlækni, stjórn ríkisspítalanna vegna Neyðarmóttöku, Ólafi Proppé skólameistara Kennaraháskólans, félagsmálastjóra Reykjavíkur, Amnesti, Barnaheillum, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, Unifem, Kynjafræðifélaginu, samstarfsfund á geðdeild Landspítalans, Íslandsfundum og ótal samráðsfundi með öðrum kvennasamtökum. Björg Gísladóttir fór í 75 ára afmæli Rauða krossins f.h. Stígamóta og hópur starfskvenna fór í 32 ára afmæli A1- anon. Þórunn Þórarinsdóttir fór f.h. Stígamóta í móttöku í tilefni af 30 ára afmæli norræns samstarfs um jafnréttismál. Díana

Sigurðardóttir tók þátt í samráðsfundum um kynferðisofbeldi í Menntamálaráðuneytinu og hún sótti einnig norrænu ráðstefnuna um Kvinnahreyfingar sem haldin var m.a. af Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræði. Guðrún sótti ráðstefnuna Konur, völd og lögin og ráðstefnu Halldórs Ásgrímssonar; Mansal – hvar er jafnréttið?

Dr. Kathleen Brooks bauð uppá fyrirlestra hjá Stígamótum um “The inner child”

Þær Svava og Sigríður Björnsdætur sem starfrækja Blátt áfram – verkefni gegn kynferðisofbeldi gegn börnum hafa verið hörkuduglegar í að starfrækja verkefni sín. Svava hafði samband við Stígamót og bauð uppá að dr. Kathleen Brooks myndi halda fyrirlestra í húsnæði Stígamóta um ”The inner child”. Margar konur hlustuðu á dr. Brooks sem nálgadist viðfangsefnið á ferskan og óvenjulegan hátt.

Árlegur upplestur úr jólabókum, magadans og fleira



Frá jólafundinum

Árlega hafa rithöfundar heimsótt Stígamót á notalegum laugardagsmorgni í desember og lesið upp úr nýjum bókum. Að þessu sinni lásu 4 konur úr bókum sínum. Það voru þær Gerður Kristný sem las úr bók sinni Batur með segl og allt, Kristín Ómarsdóttir las úr bókinni Hér, Jóhanna Kristjónsdóttir las úr Arabiukonum og Þórdís Bjarnadóttir úr ljóðabók sinni Ást og appelsínur. Anna Ingólfssdóttir sagði frá bréfaskriftum sínum við konu í bandarísku kvinnafangelsi og sendu Stígamótakonur kveðju til konunnar. Rósana Rainova dansaði yndislegan magadans sem færði samkomuna hálfu leið til Arabíu.

Alþjóðastarf

Alþjóðavæðingin hefur haft mikil áhrif á starf Stígamóta bæði til góðs og ills. Góðu áhrifin felast í auðveldum samskiptum á netinu og þar með stóru auknu upplýsingaflæði. Jafnframt hefur alþjóðleg kvinnahreyfing þjappað sér saman og Stígamót verið virk í ýmsum formlegum og óformlegum samstarfshópum. Slæmu áhrifin eru þau að það eru ekki bara kvennasamtök sem þjappa sér saman, heldur líka alþjóðlega skipulögð glæpasamtök sem m.a. raka saman fé með mansali á konum í klámiðnað Vesturlanda. Hér á eftir verður dregið á því helsta í alþjóðasamskiptum Stígamóta.

Námsferð starfshópsins til Danmerkur

Eins og annars staðar er sagt frá fóru starfskonur Stígamóta í námsferð til Danmerkur í boði Iceland Express. Ferðin gaf starfshópnum kærkominn innblástur. Hreiðrið og Stop kvindehandel voru heimsótt, ásamt Støtteceter mot incest. Þar að auki var Dorte Secher sem er heyrnarskertur félagsráðgjafi heimsótt og rætt um kynferðisofbeldi gegn heyrnarskertum.

ENATW

ENATW eru Evrópusamtökin gegn verslun með konur sem Stígamót eiga þátt í að stýra í samvinnu með Ítalíu og Belgíu. Sótt var um fjármagn til Evrópusambandsins til frekari uppbyggingar og starfsemi sem því miður fékkst ekki. Um aðildarfélögin og það sem er efst á baugi í baráttunni gegn mansali má lesa á heimasíðunni www.aretusa.net Þess má geta að heimasíðan hlaut verðlaun sem besta heimasíða kvennasamtaka á Ítalíu í ár.

Erlendar heimsóknir

Nokkuð er um að erlendir aðilar heimsæki Stígamót til þess að kynna sér starfsemina. Þannig heimsóttu 15 norrænir framhaldsskólakennarar Stígamót á árinu. Ýmsa fleiri mætti nefna eins og norræna og baltneska stúdenta í kynjafræðum, Gun Hedn frá ROKS í Svíþjóð og fleiri. Í tengslum við ráðstefnuna “Kvinnorörelser – inspiration, intervention, irritation” voru margar kærkomnar heimsóknir og var haldin móttaka fyrir erlend systursamtök Stígamóta.

Til móttökunnar komu einnig íslenskar vinkonur Stígamóta eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.



Daphneverkefni um erlendar konur í ofbeldissamböndum með innlendum mönnum



Frá fundi Daphnehópsins í Noregi 2003

Guðrún Jónsdóttir, en auk þeirra voru þær Drífa Snædal í Kvennaathvarfinu og Amal Tamimi frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna. Jafnréttisstofa í Noregi sótti síðan um áframhaldandi styrk fyrir verkefnið frá Daphnesjóði Evrópusambandsins, en umsókninni var því miður hafnað.

Árið 2003 tóku Stígamót þátt í fjölþjóðlegu verkefni um skuggahliðar nútíma fólksflutninga þar sem athyglinni var beint að erlendum konum í ofbeldissamböndum með innlendum körlum. Á Íslandi gengu til samstarfs við Stígamót Félagsþjónustan, Alþjóðahúsið, Rauði krossinn og Kvennaathvarfið. Samdar voru tillögur að lagabreytingum til þess að styrkja rétt erlendra kvenna og tillögurnar voru bornar undir dómsmálaráðherra og allsherjarnefnd. Í apríl var svo haldinn lokafundur verkefnisins. Á þann fund voru einnig boðnir velkomnir þeir aðilar sem hugsanlega myndu halda verkinu áfram. Frá Stígamótum sóttu fundinn þær Kristín Blöndal og

Norrænar konur gegn ofbeldi

Árið 2004 var hin árlega ráðstefna Norrænna kvenna gegn ofbeldi haldin í Kristiansand í Noregi. Þar sem Stígamót munu sjá um næstu ráðstefnu voru þrjár starfskonur sendar á ráðstefnuna að þessu sinni.

Það voru þær Díana Sigurðardóttir, Þórunn Þórarinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir. Guðrún hélt auk þess erindi um framtíðarsýn fyrir norræna kvennaathvarfahreyfingu og stýrði vinnuhópi um sjálfshjálparhópa. Í nóvember var svo fundur í norræna ráðgjafarhópnum á vegum samtakanna í Danmörku. Þar var jafnframt boðið í 25 ára afmæli Dannerhússins sem hefur undanfarin ár verið í nánu samstarfi við Stígamót. Drög voru lögð að næstu ráðstefnu samtakanna á Íslandi haustið 2005.



Ýmis mikilvæg þjálfun fór fram í Noregi. Hér fer fram millilandakeppni í skotfimi

Nordisk forum í Finnlandi

Dagana 11.-15. ágúst var haldið Nordisk forum í Åbo í Finnlandi. Fríður hópur Íslendinga sótti ráðstefnuna og var þeirra á meðal fulltrúi Stígamóta. Ráðstefnuna sóttu um 300 manns frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum.

WAVE ráðstefna í Vínarborg



Rosa Logar stofnandi WAVE, einn af höfundum Austurrísku leiðarinnar og stjórnandi Aðgerðarstofunnar gegn ofbeldi í Vín. Hún kom og kynnti Austurrísku leiðina á norrænu ráðstefnunni á Íslandi árið 2001, síðan hafa öll Norðurlöndin að Íslandi undanskildu lögfest þá aðferð að hluta.

Dagana 12.-16. október var haldinn ráðstefna á vegum WAVE sem eru Evrópusamtök kvenna gegn ofbeldi. Þar hittust 50 konur frá 30 Evrópulöndum sem eru tengiliðir WAVE útávið og báru saman bækur sínar. Guðrún Jónsdóttir fór fyrir hönd Stígamóta og stýrði vinnuhópi um nýjar lagasetningar í Evrópu sem að notum mættu koma fyrir alla.

Það sem kom enn einu sinni á óvart er hvað baráttan er keimlík og viðfangsefnið sambærileg, þrátt fyrir ólík lífskjör, lagaumhverfi og félagslegar aðstæður. Konur lýstu því hver á eftir annarri hvernig beint samband virðist vera á milli íhaldsamra stjórnvalda og samdráttar í stuðningi við þau kvennasamtök sem veita þjónustu á vegna kynferðisofbeldis og hvernig ítrekaðar tilraunir eru gerðar til þess að afkynja umræðuna. Konur lögðust eindregið gegn forræðishyggju og takmörkun á dvalartíma og fjölda í kvennaathvörfum.

Annað megin áhyggjuefni kvenna um alla Evrópu eru andfeminísk samtök forræðislausra feðra sem krefjast skilyrðislausss forræðis yfir börnum sínum óháð því hvort feðurnir hafa beitt fjölskyldur sínar ofbeldi eður ei. Um alla Evrópu krefjast feministar þess að tryggt verði að börn séu leyst undan eftirlitslausum umgengisrétti við ofbeldismenn.

Þriðja meginþemað var staða innflytjendakvenna, en lagaleg staða þeirra er alls staðar bág og hana þarf að styrkja.

Víða í löndum Austur- Evrópu ræddu konur um afleita meðferð lögreglunnar á þeim konum sem leita hjálpar vegna kynferðisofbeldis og enn vantar lög sem banna ofbeldi gegn konum í nokkrum af þáttökulöndunum.

Meðferðarúrræði fyrir ofbeldismenn var umtalsefni í einum vinnuhópnum. Víða um Evrópu eru slík úrræði ekki í boði, en þar sem þau finnast taka mjög fáir menn þátt í þeim og árangurinn af meðferðinni virðist takmarkaður. Þannig hafa 11 af 21.000 ofbeldismönnum í Austuríki lokið slíkri meðferð.

Á ráðstefnunni talaði m.a. Sonja Wehsely sem er talskona fyrir jafnréttismál í borgarstjórn Vínar og lýsti áhuga þarlendrar til þess að koma lögum yfir sílti eða ofsóknir (stalking), en samkvæmt þarlendur rannsóknnum eru um 80% þeirra sem fyrir því verða konur. Alþekkt er hversu erfiðlega það getur gengið fyrir konur sem losa sig út úr ofbeldissamböndum að losna undan stöðugu áreitni ofbeldismannanna. Konur lýstu því að bestu lögin á þessu sviði væru í Belgíu. Þetta þarf að kynna íslenskum þingheimi.

Í lok ráðstefnunnar var rætt um framtíðarhlutverk og skipulagningu WAVE og var settur á laggirnar fimm kvenna vinnuhópur til þess að skerpa línurnar. Í þeim hópi situr fulltrúi Stígamóta og er það ánægjuefni að fá tækifæri til þess að hafa áhrif á mótun þessara mikilvægu samtaka. Næsta ráðstefna WAVE verður í Kaupmannahöfn næsta ár.

Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum

- *Norrænar konur gegn ofbeldi* sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
- *ENATW –European network against Trafficking in Women*, en Stígamót eiga þrjá fulltrúa í stjórn þeirra samtaka og stýra starfinu í Norður –Evrópu. Vefsíðan okkar er www.aretusa.net
- *Norsk netverk mot prostitusjon og trafficking* Stígamót ásamt Hreiðrinu í Danmörku og Loiose Eek í Svíþjóð eru aðilar að netinu, þó útlenskar séu
- *Wave - women against violence in Europe* með vefsíðuna: www.wave-network.org
- *International Abolitionist Federation* sem eru elstu starfandi samtök gegn vændi í heiminum
- *Coalition Against Trafficking in Women* sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar. catw-l@list.web.net



Fyrirlestrabanki um kynbundið ofbeldi

Í tengslum við námsstefnuna Bætt menntun – betri hlustunarskilyrði var safnað saman í einn fyrirlestrabanka fyrirlestrum sérfræðinga um kynbundið ofbeldi. Bankinn er hýstur á heimasíðum Stígamóta, Kvennaathvarfs og hjá Kvenréttindafélaginu. Hann getur tekið breytingum svo vert er að fylgjast með á heimasíðunum. (Fyrirlesarar í stafrófsröð)

Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum

Brynhildur G. Flóvenz hdl.

Netfang: brynhild@mmedia.is Tími: 1 klst. Verð: 15.000 kr.

Námskeiðið er ætlað starfsmönnum sem yfirmönnum fyrirtækja og stofnana. Farið er yfir réttindi þolenda og skyldur stjórnenda er lúta að kynferðislegri áreitni sem og viðurlög við brotum.

Heimildir lögreglu og ákærureglur í málum er varða ofbeldi á heimilum.

Brynhildur G. Flóvenz hdl.

Netfang: brynhild@mmedia.is Tími: 2 klst. Verð: 25.000

Námskeiðið er fyrst og fremst ætlað lögreglu, saksóknurum og lögmönnum. Farið er yfir lögbundnar heimildir lögreglu til að grípa inn í heimilisofbeldi ásamt möguleikum til ákæru.

Nálgunarbann

Brynhildur G. Flóvenz hdl.

Netfang: brynhild@mmedia.is

Tími: 1 klst. Verð: 15.000

Námskeiðið er ætlað lögreglu, dómurum og öðrum þeim er koma að málum er varða ofbeldi á heimilum. Fjallað verður um lagaákvæði um nálgunarbann, hvernig því er beitt héraðs og hvaða hagsmunir búa að baki. Ennfremur hvernig hægt er að nýta nálgunarbann sem tæki til að stöðva ofbeldi.

Ofbeldi karla gegn konum: Hvaða spurninga á að spyrja

Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

Netfang: drifa@kvennaathvarf.is Tími: allt að 1 klst. Verð: 15.000

Fyrirlesturinn er ætlaður öllu fagfólki sem vinnur með konum. Farið er yfir birtingamyndir heimilisofbeldis og andlegar-, líkamlegar-, og félagslegar afleiðingar þess fyrir konur sem beittar eru ofbeldi. Markmiðið er að fagfólk þekki merki þess að um heimilisofbeldi sé að ræða, spyrji réttu spurninganna og kunni að bregðast við.

Ofbeldi í samböndum eða á stefnumótum

Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

Netfang: drifa@kvennaathvarf.is, Tími: allt að 1 klst. Verð: Sérstakt verð fyrir framhaldsskóla 7.000 kr

auk ferðakostnaðar

Fyrirlesturinn er ætlaður fólki á framhaldsskólaaldri og er byggður á bæklingi með sama heiti. Farið er yfir einkenni ofbeldissambanda, hver eru merki þess að ekki er allt með felldu í sambandinu og hvaða mörk á ungt fólk að setja þegar það hefur ástarsambönd. Talað er um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og hvað á til bragðs að taka þegar um ofbeldi er að ræða.

Neyðarmóttaka vegna nauðgana

Eyrún B. Jónsdóttir, umsjónarhjúkrunarfræðingur Neyðarmóttöku vegna nauðgunar

Netfang: eyrunj@landspitali.is Tími: allt að 1 klst. Verð: 15.000

Fyrirlesturinn er ætlaður öllu fagfólki og þeim sem vinna með börn og unglunga á ýmsum vettvangi. Það er kynning á starfsemi og þjónustu Neyðarmóttökunnar, hverjir koma að því og hvers má vænta þegar þolendur leita sér hjálpar, bæði konur og karlar. Einnig er frætt um afleiðingar nauðgunar, breytingar á kynferðisbrotum og áhrif klámvæðingar á samfélagið.

Það sem sjúklingurinn segir þér ekki

Guðrún Agnarsdóttir lækni

Netfang: guðrunag@krabb.is Tími 1 klst. Verð: 15.000

Erindið er ætlað heilbrigðisstarfsfólki og öðru fagfólki sem vinnur með börnum og unglungum. Fjallað er um ofbeldi, einkum kynferðisofbeldi og afleiðingar þess og sjónum beint að reynslu ungs fólk undir 18 ára aldri. Ennfremur rætt um mikilvægi þess að fagfólk kunni að spyrja um og hlusta á reynslu skjólstaðinga í þessum efnunum, og hvernig megi bregðast við.

Jaðarstaða kvenna í íslenskri refsilöggjöf varðandi nauðganir

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, mannfræðingur

Netfang: guðrungu@hi.is Tími: allt að 1 klst. Verð: 15.000

Erindi þetta er unnið upp úr mastersritgerð í mannfræði sem ber titilinn: Af hverju nauðga karlar? Eða nánar tiltekið úr þeim hluta hennar sem lýtur að meðferð nauðgunarmála í íslensku réttarkerfi. Fyrirlesturinn er ætlaður lögmonnum og dómurum.

Hálfsannleikurinn um kynferðisofbeldi

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta

Netfang: runa@stigamot.is Tími: allt að 2 klst. Verð: 15-25.000, eftir tímalengd

Fyrirlesturinn byggist á myndasýningu. Vitundarvakning sl. áratuga gagnvart kynferðisofbeldi er rakin og bent á að enn er nokkur vinna eftir til þess að orðræða um þetta samfélagsmeiðni endurspeglar heildarmyndina af fyrirbærinu. Tekið er mið af því að algengustu afleiðingar kynferðisofbeldis eru skömm, sektarkennd og léleg sjálfsmynd. Reiði yfir ofbeldinu er óalgeng á meðal fórnarlamba þess. Skýringarnar eru margbættar, en að hluta til snúast þær um að enn eru lífseig viðhorfin, þær sem ekki passa sig, þær eru sekar. Síndar eru áróðursmyndir undanfarinna áratuga, blaðagreinar og vitnað í feminíska hugmyndafræðinga. Einnig er notast við tölfraðiupplýsingar úr ársskýrslu Stígamóta. Bent er á hvernig breyta þurfi áherslum í forvarnarstarfi til þess að ná árangri í baráttunni gegn kynferðisofbeldi.

Bætum hlustunarskilyrðin

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta

Netfang: runa@stigamot.is Tími: allt að 2 klst. Verð: 15- 25.000 eftir tímalengd

Fyrirlesturinn byggir á reynslu og tölfraðiupplýsingum Stígamóta og nýjum rannsóknum um kynferðisofbeldi gagnvart börnum. Af þeim 251 sem leituðu til Stígamóta á sl. ári höfðu 56% hvergi leitað aðstoðar annars staðar og aðeins tveir einstaklingar höfðu leitað hjálpar hjá skólastarfmönnum. Þó er líklegt að um 17% barna undir 18 ára aldri hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Gefin er innsýn í umfang vandans og alvarleika og bent á nauðsyn þess að bæta aðgengi fólks að hjálp og stuðningi. Til þess þarf að koma fræðslu um kynferðisofbeldi inn í námskrár fagstéttanna og jafnframt þarf að búa til aðgerðaráætlanir innan stofnana um það ferli sem fer í gang þegar uppvíst verður um kynferðisofbeldi.

Klám og vændi eru birtingarmyndir kynferðisofbeldis

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta

Netfang: runa@stigamot.is Tími: allt að 2 klst. Verð: 25- 25.000 eftir tímalengd

Byggt á hugmyndafræði norrænna kynjafræðinga og reynslunni frá Stígamótum.

Mikilvægustu verkefni framundan í baráttunni gegn kynferðisofbeldi

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta

Netfang: runa@stigamot.is Tími: allt að 1 klst. Verð: 15.000

Erindi haldið á ráðstefnu norrænu kvennaathvarfahreyfingarinnar í Kristiansand í Noregi 2004. Farið er yfir hvað hafi áunnist, hlutverk kvennaathvarfanna, hugmyndafræði og helstu verkefni norrænna velferðarsamfélaga í baráttunni gegn kynferðisofbeldi

Sifjaspell og/eða nauðganir

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta

Netfang: runa@stigamot.is Tími: 2 - 10 klst

Semja þarf um verð eftir lengd fyrirlesturs. Byggt á tölfræðiupplýsingum og öðrum heimildum frá Stígamótum. Umfang, afleiðingar, ofbeldisverkin, ofbeldismennirnir, sjálfshjálparstarf.

Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum - námskeið

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta

Netfang: runa@stigamot.is Tími: allt að 4 klst. Semja þarf um verð

Skilgreiningar, hvernig birtist áreitnin, afleiðingar, æfingar, hvernig má bregðast við.

Að næra glóðina í sér

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta

Netfang: runa@stigamot.is Tími: 1 klst. Verð: 15.000

Fyrirlesturinn byggir á erindi sem haldið var á 40 ára afmælisráðstefnu Félagssráðgjafafélagsins og fjallar um hjálparstéttirnar sem vinna gjarnan við erfiðar aðstæður og eru því í ákveðnum áhættuhópi fyrir kulnun í starfi. Farið er yfir þá þætti sem gætu viðhaldið fjjóu og lifandi starfi. Byggt er á hugmyndafræði feminismans og grunnþáttum í félagsráðgjöf. Sömu þættir gætu verið gagnlegir fyrir ýmsar aðrar fagstéttir.

Listmeðferð með fólki sem orðið hefur fyrir kynferðisofbeldi

Halldóra Halldórsdóttir listmeðferðarfræðingur. Netfang dora@stigamot.is Tími 1 klst. Verð: 15.000.

Erindinu er ætlað að veita nokkra innsýn í listmeðferð og hvers vegna hún getur sérstaklega gagnast þolendum kynferðisofbeldis, bæði börnum og fullorðnum. Dæmi með myndum úr listmeðferð.

Úr viðjum vanans

Halla Gunnarsdóttir, kennari

Netfang: halla@kaninka.net Tími: allt að 1 klst. Verð: 15.000

Fyrirlesturinn er fræðsla fyrir kennara og annað fólk sem starfar með börnum um kynmótun og kynferðislegt ofbeldi ásamt hugmyndum að kennsluefni. Í efninu er farið yfir hvernig kynmótun heldur okkur í viðjum vanans og samfélagið grefur niður allar upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi.

Vitnisburður barna í kynferðisbrotamálum

Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur.

Netfang: margret@ahus.is Tími: allt að 1 klst. Verð: 15.000

Erindi þetta er unnið upp úr kandidatsritgerð í lögfræði, "Sönnun í kynferðisbrotamálum" ásamt síðari uppfærslum. Fjallað er um viðhorf til og mat á vitnisburði barna í kynferðisbrotamálum. Fyrirlesturinn er ætlaður lögmennum, dómurum, starfsmönnum barnaverndarnefnda og öðrum þeim sem áhuga hafa á efni fyrirlestrarins. Sömu leiðis er hann ætlaður nemum innan lögræði, sálfræði, kennslufræði, félagsfræði og nemum í Lögregluskóla ríkisins.

Í klóm dauðans: Grundvallarþættir heimilisofbeldis frá sjónarhóli kvenna sem þolenda

Sigríður Halldórsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði

Netfang: sigridur@unak.is Tími: allt að 1 klst. Verð: 15.000

Í fyrirlestrinum er gerð grein fyrir rannsóknum á heimilisofbeldi frá sjónarhóli kvenna sem þolenda.

Fyrirlesturinn er ætlaður öllum þeim sem vilja dýpka skilning sinn á áhrifum ofbeldis á konur og hvernig hægt er að aðstoða þær til betra lífs án ofbeldis.

Ofbeldi karla gegn konum og börnum

Sólveig Anna Bóasdóttir, dr. teol

Netfang: solveig@akademia.is Tími: allt að 1 klst. Verð: 15.000

Fyrirlesturinn er sniðinn fyrir starfsfólk kirkjunnar. Farið er í skilgreiningar og skýringar á ofbeldi og

afstöðu kirkjunnar til þess. Þá er fjallað um hvað kirkjan geti gert og hvernig guðfræðilegar hugmyndir ríma við úrræði.

Hvað er nauðgun í skilningi hegningarlaga?

Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur

Netfang: baldursgata@hotmail.com Tími: allt að 1 klst. Verð: 15.000

Í fyrirlestrinum er greint frá því felst í afbrotinu nauðgun í lagalegri merkingu, en einnig er kannað að hvaða marki þolendur líta nauðgun öðrum augum en löggjafinn. Hins vegar er fjallað um hvort ástæða sé til að endurskoða skilgreiningu löggjafans á hugtakinu nauðgun og hvaða leiðir eigi að fara í því sambandi. Núgildandi skilgreining nauðgunar felur ekki í sér næga viðurkenningu á því sem er í raun þungamiðja í afbrotinu nauðgun, þ.e. kynfrelsi. Kynfrelsi er frelsi hvernar manneskju til að ákveða hvort og hvenær hún vill taka þátt í kynferðislegum athöfnum.

Annað fræðsluefni:

Bye bye pornstar – sænskt fræðslumyndband um nauðganir Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta Netfang: runa@stigamot.is Tími: allt að 2 klst. Verð: 25.000 Fylgt eftir með umræðum.

Vexator (Ofbeldisseggur) – sænsk leikin mynd um ofbeldi á heimili Drífa Snædal fræðslu- og framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf. Netfang: drifa@kvennaathvarf.is Tími: allt að 2 klst. Verð: 25.000

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 15 ár höfum við safnað mikilli þekkingu um kynferðisofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Ýmislegt fleira má lesa úr eftirfarandi tölum. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilega úrvinnslu í skýrslu þessari.

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 2004 leituðu 429 einstaklingar til Stígamóta og af þeim voru 228 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2004 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 228 einstaklinga.

Á þeim 15 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2004 hafa 3984 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 5755 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Samkvæmt þjóðskrá eru konur á Íslandi 146.253 og til Stígamóta hafa undanfarin 15 ár leitað 3804 konur eða 2.6% íslenskra kvenna.

Það er athygli vert hversu miklu fleiri ofbeldismennirnir eru en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleirum en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Á árinu voru 7 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2004 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrstu tíu starfsárunum má nálgast hjá Stígamótum.

Tafla 1) Fjöldi viðtala árið 2004

Fjöldi einstaklinga	Þar af ný mál	Heildarfjöldi viðtala
429	228	2076

Þegar þessar tölur eru bornar saman við síðasta ár kemur í ljós að ný mál eru færri en í fyrra og nemur fækkunin 9.2%. Fjöldi einstaklinga sem færast á milli ára er líka minni en í fyrra og nemur fækkunin 13.5%. Þrátt fyrir þessa fækkun hefur vinnuálagið aukist því heildarfjöldi viðtala er meiri en í fyrra sem nemur 4%. Skýringin er sú að meðalfjöldi viðtala hefur aukist úr 4 í 4.8 viðtöl á mann.

Heimsóknir gesta á heimasíðu Stígamóta voru 6480 árið 2004


Á síðasta ári voru gestaheimsóknir á heimasíðu Stígamóta www.stigamot.is 6480. Símtöl voru ekki skráð en úr því verður bætt árið 2005. Samskipti í gegnum tölvupóst voru mikil, bæði frá einstaklingum, félagasamtökum og fagfólki og einnig voru samskipti við erlend systursamtök mikil í gegnum netið.

Tafla 2) Skipting einstaklinganna eftir kyni


	Fjöldi	Hlutf.
Konur	209	91,7%
Karlar	19	8,3%
	228	100%

Hlutfall karla og kvenna hefur breyst konum í vil á síðasta ári. Karlar voru 10.8% í fyrra en fækkar niður í 8.3%.

Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002 um tíðni kynferðisofbeldis gagnvart börnum á Íslandi gætu um 20% misnotaðra barna á Íslandi verið drengir. Sama rannsókn unnin á tímabilinu 1999-2002 bendir til að 23% stúlkna og 8% drengja hafi verið beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. (Mbl. 17. sept. 2002). Þar sem um helmingur þeirra sem leita til Stígamóta koma vegna sífjaspella og langflestir karlar koma vegna ofbeldis í æsku, má segja að karlar séu rúmlega 16% af þeim hópi. Í fyrra voru þeir 21%. Það má því segja að Stígamót nýtist þeim körlum nokkuð vel sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi.




Tafla 3) Fjöldi nýrra mála frá upphafi



Taflan sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 13 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóv. 1998.

Tafla 4) Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2004




Þessi tafla er nokkuð breytileg frá ári til árs. Aðsóknin er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins, þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert.

Tafla 5a) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2004

	Fjöldi	Hlutf.
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	133	51,6%
Nauðganir og afleiðingar þeirra	92	35,7%
Grunur um sifjaspell	5	1,9%
Grunur um nauðgun	0	0,0%
Kynferðisleg áreitni	16	6,2%
Vændi	10	3,9%
Klám	2	0,8%
	258	100%

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir. Þar sem um grun er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber einkenni þess að hafa orðið fyrir ofbeldi, en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af


svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum en getur ekki munað hvað gerðist. Konur hafa leitað hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða konunum hótad að þeim verði dreift.



Ný vændismál voru 10 og gömul mál 12


Á síðasta ári nýttu 22 einstaklingar viðtalsþjónustu Stígamóta vegna vændis, þar af voru 10 ný mál og 12 eldri mál. Einn karl var þar á meðal. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Nokkrar konur voru í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis, en símaviðtöl voru ekki skráð á síðasta ári. Einnig er vændi falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.

Tafla 5b) Samanburður milli ára



Tafla 6) Hverjir leituðu til Stígamóta í fyrsta sinn árið 2004?

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	212	93,0%
Foreldrar polanda	0	0,0%
Móðir polanda	7	3,1%
Faðir	0	0,0%
Systkini	4	1,8%
Maki	2	0,9%
Annar	3	1,3%
	228	100%



Hér eru einungis skrásettar upplýsingar um það fólk sem leitaði eftir stuðningi hjá Stígamótum. En eins og segir í textahluta ársskýrslunnar voru Stígamót heimsótt af ýmsum fleirum. Má nefna námsfólk, samstarfsaðila, stjórnmalafólk, fagfólk og erlenda aðila.

Mökum er velkomið að fá viðtöl hjá Stígamótum en koma aðeins fram í tölum þegar sú (eða sá) sem beitt var ofbeldi leitaði ekki hjálpar.

Tafla 7a/b) Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2004

Tafla 7 a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 7 b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Flestir nýttu sér Stígamót á aldrinum 19-39 ára, en ofbeldið hófst hins vegar oftast á aldrinum 5-10 ára.


7a)

	Fjöldi	Leitað
0-4 ára	1	0,4%
5-10 ára	1	0,4%
11-15 ára	3	1,3%
16-18 ára	19	8,3%
19-29 ára	108	47,4%
30-39 ára	53	23,2%
40-49 ára	35	15,4%
50-59 ára	5	2,2%
60 ára og eldri	3	1,3%
Óvíst	0	0,0%
	228	100%

7b)

	Fjöldi	Framið
0-4 ára	13	5,7%
5-10 ára	101	44,3%
11-15 ára	29	12,7%
16-18 ára	44	19,3%
19-29 ára	28	12,3%
30-39 ára	3	1,3%
40-49 ára	4	1,8%
50-59 ára	1	0,4%
60 ára og eldri	1	0,4%
Óvíst	4	1,8%
	228	100%


Tafla 7c) Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið




Súlurit 7 c sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 2004. Tekið skal fram að 24 einstaklingar voru 18 ára eða yngri þegar aðstoðar var leitað. Fyrir þann hluta hópsins sem var undir 18 ára aldri er um að ræða mál sem þekkt eru af barnaverndaryfirvöldum. Það er eftirtektarvert á súluritinu hversu langur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað og þar til fólk leitar sér hjálpar. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að stytta tímunn sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga

Tafla 8) Uppeldisaðstæður



Tafla 9) Hjúskaparstaða





Tafla 10) Fjöldi barna

	Fjöldi	Hlutf.
Barnlaus	120	52,6%
Eitt barn	27	11,8%
Tvö börn	42	18,4%
Þrjú börn	27	11,8%
Fjögur börn	9	3,9%
Fimm börn	0	0,0%
Sex börn	1	0,4%
Sjö börn	0	0,0%
Óvíst	2	0,9%
Samtals	228	100%

Töflur 8, 9 og 10 sýna uppeldisaðstæður, hjúskaparstöðu og fjölda barna þeirra sem leita til Stígamóta. Flest er fólkíð einhleyp og barnlaust, enda meðalaldurinn lágur.


Tafla 11 a/b) Menntun og atvinna






Töflurnar og súluritin hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2004 sýna að margir eru við nám, enda meðalaldurinn ekki hár.

Tafla 12) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað



Tölurnar í töflunni miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir urðu fyrir ofbeldi. Á undanförunum árum hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í um 56.5% tilvika. Það sem er flokkað úti á landi er bæði þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðislegt ofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk.

Tafla 13 a) Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2004



Yfir 85% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. En þrátt fyrir vegalengdir er notendahópurinn af öllu landinu. Fólkið sem býr lengst í burtu hefur lagt mikið á sig til þess að nýta þjónustuna en símaviðtöl eru þó skásti kosturinn fyrir þennan hóp.

Tafla 13 b) Búseta; samanburður milli ára

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	
Reykjavík	59,6%	49,5%	47,6%	55,7%	55,0%	56,6%	129
Kópavogur	5,6%	9,8%	8,9%	9,0%	12,0%	10,5%	24
Hafnarfjörður	7,5%	9,3%	8,0%	6,7%	7,2%	11,4%	26
Seltjarnarnes	3,8%	2,8%	1,3%	1,6%	2,0%	1,8%	4
Garðabær	1,9%	3,7%	0,9%	2,7%	2,4%	2,6%	6
Mosfellsbær	3,3%	2,3%	4,0%	2,0%	4,0%	2,6%	6
Úti á landi	17,4%	21,5%	24,9%	20,4%	16,7%	11,4%	26
Erlendis	0,9%	0,9%	4,4%	2,0%	0,8%	3,1%	7
Fjöldi	214	214	225	255	251	228	


Súlurit 13a sýnir búsetu þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2004. Í töflu 13b er gerð grein fyrir búsetu fólks árin 1999 til 2004 og virðist skiptingin nokkuð lík á milli ára.

Um ofbeldisverkin

Tafla 14) Líkamlegt ofbeldi í bernsku

	Fjöldi	Hlutf.
Já	39	17,1%
Nei	184	80,7%
Ekki vitað	5	2,2%
	228	100%

Eins og sjá má á töflu 14 höfðu 39 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 2004 eða 17.1 % búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Hlutfall þeirra, sem beittir voru líkamlegu ofbeldi í bernsku er svipað frá ári til árs.




Tafla 15) Líkamlegt ofbeldi í hjúskap/sambúð

	Fjöldi	Hlutf.
Já	24	13,0%
Nei	159	85,9%
Ekki vitað	2	1,1%
	185	100%

Í töflu 15 kemur fram að 13 % þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2004 höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Athugið að heildarfjöldi í töflunni er 185, en það er sá fjöldi kvenna sem hefur verið í sambúð eða hjúskap.


Frá árinu 1992 sýna tölur okkar að á milli 10% og 21,4% kvennanna sem leitað hafa til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna, sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.



Tafla 16 a) Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2000	2001	2002	2003	2004	Fjöldi
Eitt skipti	0,0%	13,3%	18,1%	16,6%	10,1%	14
0-3 mánuði	8,9%	4,9%	5,4%	4,6%	3,6%	5
4-6 mánuði	3,4%	5,6%	2,7%	4,0%	5,1%	7
7-11 mánuði	2,7%	4,9%	1,3%	2,0%	0,7%	1
Eitt ár	12,3%	13,3%	8,1%	8,6%	12,3%	17
Tvö ár	16,4%	15,4%	10,7%	12,6%	10,1%	14
Þrjú ár	10,3%	14,0%	16,1%	16,6%	14,5%	20
Fjögur ár	11,6%	10,5%	8,1%	8,6%	10,1%	14
Fimm ár	10,3%	4,2%	7,4%	4,6%	9,4%	13
Sex ár	4,1%	3,5%	4,7%	6,0%	5,1%	7
Sjö ár	0,7%	0,7%	1,3%	1,3%	1,4%	2
Átta ár	2,1%	0,0%	0,7%	0,7%	0,7%	1
Níu ár	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0
Tíu ár	2,1%	1,4%	2,7%	4,0%	0,7%	1
Lengur en tíu ár	2,7%	1,4%	2,0%	1,3%	2,2%	3
Óvíst	4,1%	7,0%	10,1%	8,6%	13,8%	19
Hlutfall	100%	100%	100%	100%	100%	
Fjöldi	146	143	149	151	138	

Tafla 16 b) Samanburður milli ára



Tölurnar um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varúð. Það reynist fólki oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd, sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Súluritíð lýsir samanburði á milli ára. Í um 80% tilfella standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða lengur.

Tafla 17) Hvar átti kynferðislega ofbeldið sér stað?

	Fjöldi	Hlutf.
Á sameiginlegu heimili	61	23,6%
Á heimili þolanda	24	9,3%
Á heimili ofbeldismanns	95	36,8%
Á vinnustað þolanda	6	2,3%
Á vinnustað ofbeldismanns	13	5,0%
Á víðavangi/leikvelli	13	5,0%
Í sumardvöl	4	1,6%
Á útihátíð	10	3,9%
Á skemmtistað	4	1,6%
Annars staðar	24	9,3%
Óvíst	4	1,6%
	258	100%

Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður og ofbeldismanns; á heimili þess sem fyrir ofbeldinu verður eða heimili ofbeldismanns, samtals í um 70 % tilfella.


Í töflunni sem merkt er “annars staðar” er um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi, í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

Tafla 18 a) Sagði þolandi frá ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutf.
Já	30	13,2%
Nei	188	82,5%
Ekki vitað	10	4,4%
	228	100%

	Fjöldi	Hlutf.
Móður	7	19,4%
Föður	2	5,6%
Maka	0	0,0%
Systkinum	1	2,8%
Börnunum sínum	0	0,0%
Öðrum í fjölskyldunni	1	2,8%
Vini/vinkonu	18	50,0%
Fagaðila	5	13,9%
Öðrum utan fjölskyldu	2	5,6%
	36	100%

Tafla 18 b) Samanburður milli ára




Tafla 18a sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu meðan það átti sér stað eða strax eftir að því lauk. Árið 2004 eru 13.2%, sem það hefur gert. Taflan sýnir einnig hverjum viðkomandi sagði þá frá, en algengast var að vinkonu/vinur nytu trúnaðar. Súluoritíð sýnir samanburð milli ára.


Tafla 18 c) Var viðkomandi trúað?

	Fjöldi	Hlutf.
Ekki trúað	6	17,1%
Trúað	28	80,0%
Óvíst	1	2,9%
	35	100%

Tafla 18c sýnir að af þeim sem sögðu frá ofbeldinu var 28 eða 80 % þeirra trúað og eitthvað gert í málinu.




Tafla 19) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis



Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem oftast eru nefndar í viðtölum. Í töflunni og súluritinu er getið um "svipmyndir", um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum í hugarnum og valda miklu hugarangri. Skömm, léleg sjálfmynd, sektarkennd, depurð og erfiðleikar í nánnum tengslum og í kynlífi eru algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðnum sjálfsköðun flokkast til dæmis átröskun, en einnig er þekkt að konur skeri sig t.d. á handleggjum.

Tafla 20 a) Sjálfsvígstílaunir

	Fjöldi	Hlutf.
Já	33	14,5%
Nei	183	80,3%
Ekki vitað	11	4,8%
Á ekki við	1	0,4%
	228	100%



Af þeim sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2004, höfðu 33 eða 14,5 % gert eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvíga. Í töflu 20b er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg borin saman eftir árum.


Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002 á kynferðisofbeldi gagnvart börnum kemst hún að því að um 15% hafi gert tílaunir til sjálfsvígs og rímar það vel við þessa mynd, en almennt gildi að um 4% fólks hafi gert slíkar tílaunir.

Tafla 20 b) Samanburður milli ára


	2000	2001	2002	2003	2004
Já	15,9%	13,8%	12,2%	14,7%	14,5%
Nei	82,7%	81,8%	85,1%	78,5%	80,3%
Fjöldi	214	225	255	251	138

Tafla 20 c) Sjálfsvígshugsanir

	Fjöldi	Hlutf.
Já	129	56,6%
Nei	81	35,5%
Ekki vitað	17	7,5%
Á ekki við	1	0,4%
	228	100%




Tafla 21) Hvar hefur aðstoðar verið leitað þegar komið er til Stígamóta?



Hér er samtalan meira en 100% því sumir hafa víða leitað aðstoðar

Tafla 22 a) Tengsl við ofbeldismenn



Í töflu 22a kemur fram að 276 ofbeldismenn höfðu beitt þá 228 einstaklinga ofbeldi sem leituðu til Stígamóta árið 2004. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring er að á árinu voru 7 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum.

Súluritið sýnir tengsl einstaklinga við ofbeldismenn. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 12.7 % ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2004 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Tafla 22 b/c) Samanburður milli ára frá árinu 2000

Sifjaspell	2000	2001	2002	2003	2004	
Faðir	13,0%	13,4%	18,4%	14,7%	10,9%	16
Móðir	0,7%	0,7%	0,6%	0,0%	2,7%	4
Stjúpfaðir	7,5%	9,4%	4,9%	11,0%	8,2%	12
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Afi	13,7%	8,1%	11,0%	3,1%	9,5%	14
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Bróðir	11,0%	12,8%	6,1%	12,9%	9,5%	14
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%	0
Frændi/frænka	12,3%	22,8%	20,9%	20,2%	19,7%	29
Vinur/kunningi	7,5%	5,4%	11,7%	12,9%	4,8%	7
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Umsjáraðili utan fjölskyldu	8,9%	4,7%	8,0%	3,7%	8,8%	13
Ókunnugur	2,1%	2,0%	0,0%	0,0%	2,0%	3
Giftur inn í fjölskylduna	8,2%	9,4%	3,1%	2,5%	4,1%	6
Fjölskylduvinur	13,7%	10,1%	12,9%	17,2%	19,7%	29
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Annað	1,4%	1,3%	2,5%	1,2%	1,4%	2
Fjöldi	146	149	163	163	149	

Nauðgun	2000	2001	2002	2003	2004	
Faðir	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0
Móðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Stjúpfaðir	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	1
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Afi	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	0,6%	0
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Bróðir	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka	1,2%	2,2%	1,3%	3,2%	0,0%	0
Vinur/kunningi	60,7%	54,4%	53,3%	53,5%	60,2%	68
Maki	11,9%	13,3%	10,7%	12,3%	9,7%	11
Umsjáraðili utan fjölskyldu	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%	0
Ókunnugur	20,2%	23,3%	27,3%	23,9%	28,3%	32
Giftur inn í fjölskylduna	2,4%	0,0%	0,7%	1,3%	0,0%	0
Fjölskylduvinur	0,0%	2,2%	1,3%	1,9%	0,0%	0
Vinnuveitandi	0,0%	2,2%	1,3%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður	1,2%	1,1%	1,3%	1,9%	0,0%	0
Annað	2,4%	1,1%	0,7%	0,6%	0,9%	1
Fjöldi	84	90	150	155	113	


Í töflum 22b og c eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir tegund ofbeldis og árum. Taflan um nauðganir sýnir að nauðganir eiginmanna/sambýlismanna eru ekki óalgengar, en tæp 10% hafa verið beitt slíku ofbeldi. Fjöldi þeirra nauðgana sem til umfjöllunar voru árið 2004 voru 113 sem er fækkun um 27% frá fyrra ári, þó þær sem leituðu hjálpar sérstaklega vegna nauðgana hafi verið 92.

Kærð mál

Tafla 23) Kært til lögreglu og hver kærði?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	17	6,2%
Nei	252	91,3%
Ekki vitað	7	2,5%
	276	100%

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	10	58,8%
Móðir	4	23,5%
Barnav.nefnd	3	17,6%
	17	100%



Af þeim málum sem til Stígamóta bárust, vitum við að 6.2% komust til opinberra aðila og er það umhugsunarefni. Ástæðurnar eru margar, m.a. þær að mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum, en einnig þær að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái rétti sínum fyrir dómstólum.

Af töflum 24-27 má ráða hvernig málum sem voru kærð til lögreglu reiðir af í dómkerfinu. Það skal þó tekið fram að Stígamót hafa ekki alltaf aðstöðu til þess að fylgjast með gangi mála, svo kærur og dómur gætu verið fleiri eftir að afskiptum Stígamóta lýkur.

Tafla 24) Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	2	11,8%
Málið er vinnslu	8	47,1%
Málið fellt niður	5	29,4%
Ovíst	2	11,8%
	17	100%


Tafla 25) Hvernig var dæmt í málinu í héraði?

	Fjöldi	Hlutf.
Dæmdur í fangelsi	1	50,0%
Dæmdur í skilorðsbundið fangelsi	1	50,0%
	2	100%

Tafla 26) Hvernig var dæmt í málinu í hæstarétti?

	Fjöldi	Hlutf.
Ekki vísað til hæstaréttar	1	50,0%
Sami dómur	1	50,0%
	2	100%


Tafla 27) Afdrif þeirra mála sem Stígamótum bárust árið 2004



Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Tafla 28) Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra

	Fjöldi	Hlutf.
Karl	270	97,8%
Kona	6	2,2%
	276	100%



Mikið hefur verið um það rætt hvort kynferðisofbeldi sé alfarið kynbundið ofbeldi, það er hvort það séu fyrst og fremst karlar, sem beiti konur, börn og aðra karla ofbeldi.

Í töflunni og skýfiritinu hér að ofan kemur í ljós að karlar eru 97,8 % þeirra sem að beitt hafa því kynferðisofbeldi sem hér um ræðir. Árið 2002 voru konur 4,8%. Til samanburðar má geta að í áður nefndri rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur á kynferðisofbeldi gegn börnum eru konur 7,6% ofbeldismanna. Væntanlega eru tölur Stígamóta of lágar um kvenkyns kynferðisbrotamenn, en niðurstaðan er enn óbreytt. Kynferðisofbeldi er kynbundið ofbeldi og ekki hægt að fjalla um það án þess að breytan kyn sé áhrifamikil. Það eru fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn – bæði stúlkur og drengi kynferðisofbeldi. Niðurstöður Hrefnu Ólafsdóttur benda til að 23% stúlkna og 8% drengja hafi verið beitt ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Félagsleg staða ofbeldismanna

Tafla 29) Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið

	2000	2001	2002	2003	2004	
1-10 ára	0,0%	0,0%	0,3%	0,3%	0,0%	0
11-15 ára	6,8%	6,1%	6,0%	7,4%	3,6%	10
16 -18 ára	8,0%	10,2%	11,0%	13,9%	9,4%	26
19 -29 ára	33,8%	34,8%	34,5%	37,3%	36,2%	100
30 -39 ára	26,6%	28,9%	27,1%	22,8%	16,3%	45
40 -49 ára	11,8%	10,9%	11,0%	10,4%	14,5%	40
50 -59 ára	6,8%	2,7%	6,0%	2,4%	12,3%	34
60 ára og eldri	5,1%	2,7%	2,4%	0,9%	4,0%	11
Óvíst	1,3%	7,9%	1,8%	4,7%	3,6%	10
Fjöldi	237	256	336	338	276	


Tafla 29 sýnir að það er næsta algennt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "læknisleiki" barna. Ofbeldið upplifist sem ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri.

Tafla 30) Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	2000	2001	2002	2003	2004	
Er í skyldunámi	7,2%	7,0%	6,3%	8,0%	5,1%	14
Er í framhaldsskóla	12,7%	11,7%	13,1%	14,2%	17,0%	47
Er í háskóla	2,5%	1,6%	1,8%	1,2%	2,5%	7
Lokið skyldunámi	33,3%	25,0%	24,4%	25,7%	26,1%	72
Lokið framhaldsskóla	17,3%	22,7%	19,0%	26,3%	21,4%	59
Lokið háskóla	4,2%	4,7%	6,8%	3,6%	1,8%	5
Lokið öðru sérnámi	3,0%	7,0%	4,5%	3,8%	4,3%	12
Lauk ekki skyldunámi	0,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Óvíst	19,0%	20,3%	23,2%	17,2%	21,7%	60
Fjöldi	237	256	336	338	276	

Tafla 30 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita kynferðisofbeldi, þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

Tafla 31) Atvinna ofbeldismanna



Tafla 31 sýnir atvinnu ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir eru á öllum aldri, hafa mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir koma úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

Tafla 32) Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið

	Fjöldi	hlutf.
Einhleypur	101	36,6%
Í sambúð	22	8,0%
Giftur	75	27,2%
Innan 18 ára	17	6,2%
Er að skilja	0	0,0%
Fráskilinn	4	1,4%
Ekill	6	2,2%
Óvíst	51	18,5%
	276	100%

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið var framið. Um 35,2 % þeirra sem vitað er um, hafa verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið.

Tafla 33) Börn ofbeldismanna í dag

	Fjöldi	Hlutf.
Já	51	18,5%
Nei	103	37,3%
EKKI vitað	122	44,2%
	276	100%

Af töflu 33 má sjá að a.m.k. 51 þeirra kynferðisbrotamanna sem komið hafa til kasta Stígamóta eiga börn eða 18.5%. Óvissuþátturinn er þó stór.



Stígamót

Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík

Símar: 562 6868 og 800 6868

Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353

Bréfsími: 562 6857

Netfang: stigamot@stigamot.is

Vefsíða: www.stigamot.is